# Skíðasvæðið á Ísafirði - DALIRNIR TVEIR




**Skiðasvæði Tungudal, Ísafirði:**
Simar: 456 3793; GSM: 894 2735
Póstfang: ski@isafjordur.is

**Opnunartímar:**
Mánudaga: Lokað
Þriðjud. - föstud.: kl. 15.00-18.30
Helgar: kl. 11.00-16.00

**Ski resort Tungudal, Ísafjörður:**
Phone: +(354) 456 3793; Mobile: +(354)894 2735
Email: ski@isafjordur.is

**Opening hours:**
Mondays: Closed
Tue. - Fri.: 15.00-18.30
Weekends: 11.00-16.00

**Skíðasvæðið á Ísafirði - Dalirnir Tveir**

Dalirnir tveir eru Tungudalur og Seljalandsdalur í Skutulsfirði. Í Tungudal, 6 km frá Ísafirði, eru fjölbreyttar brekkur og þrjár afkastamiklar lyftur, en á Seljalandsdal eru troðnar göngubrautir.

Í Tungudal er glæsilegur nýr skíðaskáli, opnaður árið 2002. Vélageymsla er á jarðhæð og gistiaðstaða og veitingasala á efri hæð. Úrval varnings er á boðstólnum. Boðið er upp á létta brauðrétti, sælgæti, gosdrykki, kaffi og kakó.

**Isafjörður ski resort - The two valleys**

The Isafjordur skiing area is situated 6km outside of the center of Ísafjörður on the slopes of the two valleys of Tungudalur and Seljalandsdalur. In Tungudalur you find the 3 ski lifts with their beautiful slopes, while Seljalandsdalur is home for the cross-country skiers.

The new skiing hut in Tungudalur was opened in 2002 and offers various refreshments and accomondation.

- P Bílastæði/Parking
- Salerni/Toilet
- Skíðalyfta/Ski lift
- Leiðir fyrir snjóþrúgur/Snowshoe trails
- Veitingar/Food and drink
- Skyndihjálp/First aid
- Gönguskíðasvæði/Crosscountry
- Sleðabrekkur/Sledge run

**Saga skíðaiðkunar á Ísafirði**

Áhugi á skíðaíþróttinni jókst á Ísafirði upp úr aldamótunum 1900 og var þá aðallega skíðað í hlíðinni fyrir innan Grænagarð eða í Stórurð. Þegar kom fram á þriðja áratuginn var farið að horfa til Seljalandsdalsins og árið 1928 var þar reistur fyrsti skíðaskálinn. Í upphafi þurfti skíðafólk að ganga upp á Seljalandsdal, en á árunum 1938 - 1939 var lagður þangað akvegur. Árið 1968 varð bylting í öllum aðbúnaði skíðaáhugafólks þegar tekin var í notkun skíðalyfta á Seljalandsdal. Veturinn 1972 var svo bætt um betur þegar „efri lyftunni" var bætt við, en hún dró skíðamenn upp í bröttustu skíðabrekku landsins. Mannvirki skíðasvæðisins á Seljalandsdal skemmdust mikið árið í snjóflóðum árin 1994 og 1995 og var þá farið að huga að nýjum stað til að iðka skíðaíþróttina. Fyrir valinu varð Tungudalur, næsti dalur við Seljalandsdal. Þar voru reistar tvær lyftur og skíðaskáli og er þar nú skíðasvæði svigskíðafólks. Göngufólk stundar hins vegar sína íþrótt af krafti á Seljalandsdal. Fyrsta Skíðavikan var haldin árið 1935.

**Skiing in Ísafjörður**

The skiing tradition in Ísafjörður dates back to the year 1900. The main skiing area was then closer to the town at Grænagarður and Stórurð. In the 1920's skiing got more and more popular and in 1928 the first skiing hut was built in Seljalandsdalur. People had to walk up to it until 1938-39 where a driving road was built. A new perspective in skiing was offered in 1968, when the first ski lift was built. 1972 the "upper lift" was added which was capable of bringing people to the steepest slopes in the country. In 1994 and 1995 two avalanches destroyed most of the man built structures and lifts and caused the town to search for a safer place for skiing. The new area was located in the valley of Tungudalur where the lifts and a brand new ski hut was built. The old place in Seljalandsdalur is still in use by cross country skiers and remains from the old lifts can still be seen in the hill. The first annual Skiweek was held in 1935.